

# Íþróttanámskrá

## Íþróttabandalags Akureyrar



Íþróttabandalag  
Akureyrar

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda og höfundar

Útgefandi: Íþróttabandalag Akureyrar

Höfundur: Janus Guðlaugsson, [janus@ismennt.is](mailto:janus@ismennt.is)

Teikningar: jg

Umbrot: Gunnar Þór Halldórsson

Hönnun og prentvinnsla: IÐNÚ

## FORMÁLI

Allt frá stofnun Íþróttabandalags Akureyrar, 20. desember 1944, hefur starfsemi bandalagsins skipað veglegan sess í íþrótt- og menningarsögu Akureyrar. Skilningur almennings á íþróttum og gildi íþróttastarfs hefur frá stofnun bandalagsins tekið miklum breytingum. Í dag stunda um sex þúsund manns íþróttir á vegum aðildarfélaganna Íþróttabandalags Akureyrar, þar af eru börn og unglingar í miklum meirihluta. Þá er mikill fjöldi fólks sem sinnir stjórnunarstörfum fyrir íþróttafélögin og íþróttabandalagið. Þessi stjórnunarstörf eru að mestum hluta unnin í sjálfböðavinnu. Þrátt fyrir þessa staðreynd gera iðkendur íþróttar, foreldrar barna sem stunda íþróttir hjá íþróttafélögum og stjórnendur bæjarfélagsins meiri kröfur til starfsemi íþróttafélaga en áður.

Til að mæta þeim kröfum sem hér að framan var lýst og til að gera íþróttastarfið markvissara, styrkja stöðir stjórnunar og gera starfsemi og skipulag sýnilegra var ákveðið af stjórn Íþróttabandalags Akureyrar að hefja stefnumótandi vinnu sem snýr að rekstri og skipulagi íþróttafélaga. Með útgáfu íþróttanámskrár bandalagsins lýkur hluta þessarar vinnu. Hlutverk íþróttanámskrár er m.a. að vera stjórnþæki fyrir

stjórnendur og þjálfara íþróttafélga auk þess sem þar má finna helstu upplýsingar um íþróttabandalgið og aðildarfélög þess. Á stefnuskrá bandalagsins er að aðstoða aðildarfélög við útgáfu á eigin íþróttanámskrá. Slík vinna hófst með stefnumótunarnámskeiði fyriröllum aðildarfélögum í upphafi þessa árs og er stefnt að því að fyrstu íþróttanámskrár íþróttafélga komi út á árinu 2001. Aðstæður og aðbúnaður aðildarfélaganna ÍBA hafa tekið miklum breytingum á undanförunum árum. Slíkar breytingar hafa kallað á kröfur um bætt skipulag íþróttafélaga og því er meginmarkmið íþróttanámskrár ÍBA er að koma til móts við þessar kröfur og vera stefnumótandi í starfi íþróttafélaga á næstu árum.

Markmið með stefnumótun íþróttafélaga er jafnframt að tryggja að stjórn íþróttafélaga búi við einfalt og skilvirkt kerfi þar sem stefna íþróttahreyfingar komist greiðlega til skila til allra eininga íþróttafélaga. Með slíku skipulagi verður starfsemi íþróttabandalagsins og íþróttafélaga löguð að stefnu íþróttahreyfingar, þar sem ábyrgð stjórnenda félaga og deilda verður aukin samfara auknu sjálfstæði, betri fagþekkingu og bættri þjónustu.

Stefnumótun íþróttafélaga mun jafnframt taka á almennri og sérhæfðri stefnumótun einstakra íþróttafélaga. Helstu málaflokkar í þessari stefnumótun eru þjálfun og keppi, þjálfaramenntun, félagsstarf, skipulag félags og deilda, foreldrastarf, fræðsla og forvarnir, jafnrétti, umhverfismál og fjármálastjórnun. Í þessum málaflokkum hefur þegar verið mótuð stefna og markmið skrásett fyrir starfsemi hvers félags.

Íþróttahreyfingin á Akureyri kemur áfram til með að skipa stóran sess í mannlífi bæjarins auk þess að gegna þýðingarmiklu hlutverki í félagsmótun barna og unglinga. Með almenna félagsmótun að leiðarljósi er nauðsynlegt að hlúa vel að allri umgjörð og uppbyggingu íþróttar hjá hverju íþróttafélagi hverjum einstakling til heilla.

Það er von Íþróttabandalags Akureyrar að íþróttanámskráin tryggi markvissa uppbyggingu íþróttafélaga á Akureyri, stuðli að aukinni samvinnu íþróttafélaga í bænum og styrki samvinnu skóla, heimila og íþróttafélaga á næstu árum.

Þröstur Guðjónsson,  
formaður Íþróttabandalags Akureyrar